



Kópavogi, 22. nóvember 2025

Efni: Fjárhagsáætlun 2026, breytingartillaga á milli umræðna

Í eftirfarandi texta er farið yfir þær breytingar sem gerðar eru á fjárhagsáætlun 2026 frá fyrri umræðu:

00 Tekjur skv. tekjustofnalögum.

Við fyrri umræðu hafði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ekki lagt fram áætlanir sínar í öllum málaflokkum, þannig að þar sem vantaði nýja áætlun var notuð áætlun fyrra árs (2025) að viðbættu álagi. Frá þeim tíma hafa fleiri áætlanir borist og niðurstaða þeirra færð inn, sem skýrir breytingarnar undir deild 00-111-. Tekjufærsla á þessari deild hækkar um 152,6 m.kr. frá fyrri umræðu.

02 Velferðarmál

02114- Dalbrekka 27

Hér lækka útgjöld um 15 m.kr., vegna nýrra samninga. Þetta er hluti af þeim hagræðingaraðgerðum sem vísað var til í fyrri umræðu.

02416- & 02511- Framlög til lífeyrisþega, þjónustudeild fatlaðra

Hér er verið að flytja 8 m.kr. af „Fargjöld ellilífeyrisþega og öryrkja“ yfir á 02511-, þar sem akstur fatlaðra er bókaður. Breytingin á 02511- kemur fram sem annarsvegar lækkun á tekjum (6 m.kr.) og hækkun á „Ferðaþjónustu fatlaðra“ um 2 m.kr.

02543- & 31325- Kópavogsbraut 41, Eignasjóður

Hér er verið að leiðrétta 9 m.kr. húsaleigu sem er innri tekju- og gjaldaliður. Þess eign er hluti af félagslegu húsnæði og undir deildinni Húsnæðisnefnd, því á eignasjóður ekki að innheimta leigu hér.

02551- Liðveisla

Á milli umræðna barst ný gjaldskrá frá NPA miðstöðinni, þar sem boðaðar eru hækkanir á töxtum félagsins. Samkvæmt mati velferðarsviðs er áætlaður kostnaðarauki rúmar 65,3 m.kr. og færður hér.

04011- Grunnskóladeild

Breytingin, 1,8 m.kr. kemur til vegna breytinga á innri færslum á 21290-.



04212- & 04214- Kársnesskóli & Barnaskóli Kársness.

Við flutning fjárhæða á milli skólanna höfðu færslur tvíbókast þannig að það mynduðust mínus gjöld á Kársnesskóla. Þetta er lagað hér.

05211-, 05351- & 05511 Bókasafn, Náttúrufræðistofa og Listasafn Gerðar Helgadóttur.

Breytingar á þessum liðum koma til vegna leiðréttinga á innri færslum sem leiða af breytingunum á 21290-.

05311- Héraðsskjalasafn

Við fyrri umræðu vantaði 14 m.kr. hækkun á gjöldum til Þjóðskjalasafns og er það lagað hér.

09011- Skrifstofa umhverfissviðs

Breytingin kemur til vegna breytinga á innri færslum á 21290-.

11423- Útisvæði - skammdegisverkefni

Hér eru 14 m.kr. sem eru hluti af hagræðingunni sem kynnt er á milli umræðna. Hér er um að ræða lækkun á innkaupum m.a vegna þess að ekki þarf að bæta eins í ljósakaup á árinu 2026 eins og 2025.

21270- Leiga ónotaðs húsnæðis & 31384- Vallagerði 26

Vallagerði 26 hefur verið selt og því ekki lengur í rekstri bæjarins. Hér er því verið að leiðrétta og færa út 5,3 m.kr. innri leigu.

21400- Almenn skrifstofa

Breytingin, 3,7 m.kr. kemur til vegna breytinga á innri færslum á 21290-.

21290- Sameiginlegt v. stjórnsýslu – D1 og H8

Hluti af hagræðingartillögum tengist rekstri hússins á Digranesvegi 1 og tengdum byggingum. Er það sýnt hér sem 8 m.kr. lækkaður launakostnaður. Þessum lækkaða kostnaði er svo dreift á 21400-, 09011-, 04011- og 05230-. Breytingunni á 05230- er svo dreift innan menningarmálanna á 05211-, 05351-, og 05511- eins og áður segir.

21420- Upplýsingatæknideild

Það þarf að uppfæra fjárhagskerfi bæjarins á árinu 2026. Við fyrri umræðu var inni ákveðin fjárhæð til þess, en eftir fund með þjónustuaðila kerfisins þykir rétt að áætla hærri fjárhæð en fyrr var gert ráð fyrir. Um er að ræða 20 m.kr. hækkun. Sem hluti af hagræðingarverkefnum eru áskrift af þjónustu vegna Visio búnaðar hætt, en það mun spara um 500 þús.

21451- Miðlun

Hér er um að ræða lækkun um 10 m.kr. sem er hluti af hagræðingartillögum sem átti að kynna við seinni umræðu. Hér er um að ræða lækkun á auglýsingakostnaði vegna breytinga í tækni sem gefur kost á að miðla upplýsingum með ódýrari tækni.



28117- Vaxtagjöld og verðbótagjöld

Við fyrri umræðu var hagræðingarkrafan komin inn en ekki búið að dreifa henni. Sá biðreikningur sem notaður var liggur hér. Þær 47,5 m.kr. sem hér eru bókaðar eiga mótbókun í þeim liðum sem áður eru taldir.

Eftir er að taka út einn lið, en það er hagræðing í prentkostnaði. Á árinu 2025 dreifist prentkostnaður á 73 fjárhagsreikninga og eitthvað fleiri á árinu 2026. Það er verið að vinna við að greina notkun hvers vinnustaðar á prentun og að lokinni þeirri greiningu verður hagræðingunni, 7 m.kr. dreift á vinnustaðina.

31325- Kópavogsbraut – Heimili fatlaðra & 31384- Vallagerði 26

Eins og áður hefur komið fram er hér um að ræða leiðréttingu á innri leigu sem á mótbókun á 02543- og 21290-.

Aðrar breytingar.

Til viðbótar við þessar breytingar á áætluðum rekstrarreikningi er gerð smá breyting á STOFNI. Á lið 32263- Bláfjöll/Skiðasvæðin er 40 m.kr, bætt við frá fyrri umræðu, en það er gert samkvæmt ákvörðun á vettvangi SSH og varðar fyrstu skref við uppbyggingu skíðasvæðisins í Skálafelli.

Mínus talan á lið 32510-2644 er hér hækkuð um 40 m.kr. en samkvæmt umhverfissviði má reikna með að sú fjárhæð sem þarna er áætluð verði hærri en við fyrri umræðu.

Heildar áhrif ofangreindra breytinga á rekstur á milli umræðna er að heildar tekjur hækka nettó um kr. 152,6 m.kr. og heildargjöld um kr. 99,3 m.kr. þannig að nettó batnar afkoman um 53,3 m.kr.

Hér má sjá yfirlit yfir tillögurnar og áhrif þeirra á áætlun ársins 2026:



Breytingar á milli fyrri og seinni umræðu í fjárhagsáætlun

í þús.kr.

Verkefni	Fjárhæð Stofn	Fjárhæð í reksti 2026
Satttekjur		
00111- Jöfnunarsjóður, uppfært til samræmis við birtar áætlanir sjóðsins		-152.630
Velferðarsvið		
02114- Dalbrekka 27		-15.000
02416- Framlög til lífeyrisþega		-8.000
02511- Þjónustudeild fatlaðra		8.000
02543- Kópavogsbraut 41		-9.045
02551- Liðveisla		65.340
Menntasvið		
04011- Grunnskóladeild		-1.835
04212- Kársnesskóli		783
04214- Barnaskóli Kársness		-783
Menningarmál		
05211- Bókasafn Kópavogs		-364
05230- Safnahús sameiginlegt innri liður frá 21290 sem svo er dreift		0
05311- Héraðsskjalasafn		14.000
05351- Náttúrufræðistofa		-156
05511- Listasafn Gerðar Helgadóttur		-140
Umhverfissvið		
09011- Skrifstofa umhverfissviðs		-1.835
11423- Útisvæði - skammdegisvekefni		-14.000
31325- Eignasjóður, Kópavogsbraut 41		9.045
31384- Eignasjóður, Vallagerði 26		5.271
32263-Stofn Hækkun vegna skíðasvæðanna	40.000	
32510-Stofn Hækkun á gatnagerðargjöldum	-40.000	
Sameiginlegur kostnaður		
21270- Leiga ónotaðs húsnæðis		-5.271
21400- Almenn skrifstofa		-3.670
21420- Upplýsingatæknideild		19.500
21451- Miðlun		-10.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
28117- Færð út biðstaða		47.500
SAMTALS	0	-53.290

Efnahagsreikningur, sjóðstreymi og lykiltölur ársins 2026 taka breytingum í samræmi við ofangreinda niðurstöðu.

Sama á við um langtíma áætlanir árána 2027-2029. Þær breytast eins og leiðir af niðurstöðu ársins 2026, en að auki er aðeins farið yfir rekstrarliðina og þeir stilltir af.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026